

Starfsskýrsla



leikskólans Birkilundar

veturinn 2006-2007

Efni:

1.	Starfstími	2
2.	Leikur og starf	2
3.	Nemendafjöldi	4
4.	Starfsmannahald	5
5.	Aðalnámskrá leikskóla...	5
6.	Skólanámskrá	5
7.	Annað skipulag	5
8.	Önnur samskipti	6
9.	Símenntun	7
10.	Tölvumál	8
11.	Þróunarverkefni	8
12.	Mat á skólastarfi	8
13.	Framkvæmdir	9
14.	Gjafir	9

Fylgiskjöl:

1. Ársáætlun 2006-2007
2. Niðurstöður ECERS

1. Starfstími

Starfsárið var frá 11. ágúst 2006 til 6. júlí 2007. Sett var upp almanak fyrir veturinn þar sem helstu viðburðir voru skráðir: tilbreytingadagar, skipulagsdagar og aðrir viðburðir sem búið var að tímasetja. Var það sett inn í ársáætlun sem send var til allra foreldra á haustdögum. Sjá *fylgiskjal 1*.

Opnunartími leikskólans er frá 7:45-16:00.

2. Leikur og starf

Skipulagt starf fór af stað seinnipartinn í september. Meginþemað er: *Ég sjálfur, umhverfi mitt og náttúran*. Unnið er út frá því á margvíslegan hátt í leik og starfi. Í ársáætlun er fjallað nánar um starfið á deildunum. Þau börn sem nýttu fáa daga voru ekki með í öllu því sem unnið var með, en allir fengu eitthvað.

Við höfum haft aðgang að íþróttahúsinu þrisvar sinnum í viku og höfum nýtt það nokkuð vel. Nokkur skipti féllu úr vegna ófærðar eða hálfu, þar sem alltaf er farið gangandi á milli. Einnig féllu nokkrar ferðir niður vegna mannfæðar, þar sem yfirleitt fer aukakona með. Flest börnin hafa komist með, en þó eru nokkur sem standa útaf. Einnig hefur verið farið með hópa af og til í bókasafn Varmahlíðarskóla og fengnar lánaðar bækur.

Af og til er farið í skóginn hérna við hliðina, eða upp í skógræktina. Er það ýmist til að safna efnivið eða bara að njóta þess að vera úti í náttúrunni. Einnig hefur verið farið niður að Húseyjarkvíslinni og þykir þá sérstaklega gaman að fara í göngin undir veginn.

Fimmtudaginn 14. september var farið í fjöruferð með tvo elstu árganga leikskólans. Veður var hagstætt og tókst ferðin vel í alla staði.

Miðvikudaginn 20. desember var haldið jólaball fyrir öll börnin og voru foreldrar líka boðnir. Var það haldið í Varmahlíðarskóla þar sem ekki er rúm fyrir allan þennan fjölda í okkar húsnæði. Var mjög góð mæting og aðeins þrjú leikskólabörn

sem ekki komu. Foreldrar voru með öllum börnunum og þónokkuð af systkinum. Jón Gíslason spilaði á harmonikku, tveir jólasveinar mættu á staðinn með gott í poka og síðan var boðið upp á kaffi, svala og piparkökur.

Í tilefni af 8 ára afmæli leikskólans var opið hús frá kl 13-16 mánudaginn 29. janúar. Boðið var upp á kaffi og vöfflur. Þónokkuð margir gáfu sér tíma til að koma og spjalla um stund.

Á öskudaginn, 21. febrúar, vorum við með grímuball fyrir öll börnin milli kl 10 og 11. Góð mæting var. Deildirnar voru hver fyrir sig eins og í fyrra, og gafst það ágætlega. Að þessu sinni voru þurrkaðir ávextir í tunnunni í staðinn fyrir sælgæti. Það verður líklega endurskoðað, þar sem börnin virðast almennt ekki þekkja þurrkaða ávexti og gera þeim lítil skil.

Myndlistarsýning var að þessu sinni föstudaginn 23. mars frá kl 13:30-16:30. Foreldrafélagið sá um kaffi. Ágæt mæting var, en þar sem þetta var á vistunartíma sumra barnanna fundum við fyrir því að þau voru sum leið yfir því að þeirra foreldrar væru ekki með þeim. Starfsfólki finnst líka erfitt að þurfa að passa uppá örfá börn innan um allan hópinn. Munum við því líklega hafa þetta utan skólatímans næst.

Fimmtudaginn 7. júní stóð foreldrafélagið fyrir sumarhátíð. Að þessu sinni var hátíðin kl 16 til 18, að beiðni starfsfólks. Öllum börnunum sem voru í leikskólanum í vetur var boðið að koma í garðinn og var mjög góð mæting. Farið var í leiki og grillaðar pylsur. Ágætis veður var þanga til það fór að rigna um hálf 6.

Aðrir viðburðir hafa verið fyrir þann hóp sem er í leikskólanum á hverjum tíma. Má þar nefna að:

- Mánudag 16. október var náttfataball
- Þriðjudag 7. nóvember var hattaball
- Miðvikudag 16. nóvember, á degi íslenskrar tungu, komu börn í 7. bekk Varmahlíðarskóla og lásu sögur fyrir leikskóla-börnin.

- Mánudaginn 18. desember kom 7. bekkurinn aftur og las um jólasveinana fyrir börnin.
- Fimmtudaginn 15. febrúar komu börn úr tónlistarskólanum í heimsókn og spiluðu fyrir okkur á ýmis hljóðfæri.
- Fimmtudag 15. mars var furðufataball.
- Íþróttadagur var þriðjudaginn 29. maí - gengið á Reykjarhólinn.
- Hjóladagur var fimmtudaginn 28. júní. Máttu börnin þá koma með hjól með sér og var mikið hjólað úti þann dag, enda blíðskaparveður.

Elstu börnin fóru í heimsókn í Varmahlíðarskóla fimmtudaginn 1. mars. Auk þess komu 6 ára börn úr Varmahlíðarskóla í heimsókn í leikskólann fimmtudaginn 12. október. Lokaferðin hjá elstu börnunum var í Byggðasafnið í Glaumbæ 24. maí, þar sem Sirrý tók á móti þeim og fylgdi um húsakynnin. Eftir það borðuðu þau í K.S. Varmahlíð. Síðan var útskrift úr skólahóp kl 14:00 þann dag. Þá fluttu börnin frumsamið leikrit, sem vakti mikla lukku áhorfenda, bæði á generalprufunni þegar yngri börnin fengu að fylgjast með og einnig þegar þau léku fyrir foreldrana. Eftir leikssýninguna sungu þau tvö lög. Síðan var þeim afhent útskriftarskjál og ein rós. Eftir það var boðið upp á kaffi og meðlæti.

3. Nemendafjöldi

1. des. 2006

Aldur	Meðalnýting		Fjöldi			Dvalarst.	Dvalarg.
	F.h.	E.h.	Drengir	Stúlkur	Alls		
Árg. 2001	5,4	2,8	5	3	8	36,6	3,7
Árg. 2002	7,8	3,2	3	6	9	50,5	6,3
Árg. 2003	9,6	1,8	5	6	11	58,4	9,5
Árg. 2004	6,4	2,8	6	2	8	42,0	8,4
Árg. 2005	4,8	0,6	2	4	6	29,3	7,3
	34	11,2	21	21	42	216,8	35,2

4. Starfsmannahald

1. des 2006

	Starfsfólk alls		Starfsfólk í starfi		fæðingarorlof	
	fjöldi	stöðug.	fjöldi	stöðug.	fjöldi	stöðug.
Leikskólakennarar	5	4,45	5	4,45		
Ófagl. starfsmenn	5	3,20	5	3,20		
Eldhús	1	0,75	1	0,75		
Ræsting	1	0,38	1	0,38		
Alls	12	8,78	12	8,78		

5. Aðalnámskrá leikskóla

Unnið er eftir aðalnámskrá leikskóla og er megin efni hennar komið til framkvæmda. Þó hefur skólanámskrá ekki enn komið út en upplýsingabæklingur hefur verið endurskoðaður og bættur, til að koma þar á móti.

6. Skólanámskrá

Á vordögum var myndaður þriggja manna hópur til að fullvinna skólanámskrá. Hópin skipar leikskólastjóri ásamt deildarstjórum. Var nýttur tíminn í dymbilvikunni þegar rólegt var á deildum. Síðan lá sú vinna niðri fram á sumar þar til aftur fækkaði á deildum. Þá var settur kraftur í vinnslu skólanámskrárinnar og er frumútgáfa hennar orðin þokkalega mótuð.

7. Annað skipulag

Eitt barn hefur verið í sérkennslu í vetur. Það er stúlka með Downs-heilkenni. Hefur starfsmaður fylgt henni og ýmist unnið með hana í barnahópnum eða eina. Dóra Heiða Þroskaþjálfari var okkur til leiðsagnar og kom einu sinni í viku, þegar það gekk upp, og tók stúlkuna í þjálfunarstund. Þrjár konur frá Greiningarstöð ríkisins komu þriðjudaginn 5. desember með eftirfylgni, en stúlkun fór í mat á greiningarstöðinni seinni partinn í október. Fylgdust

þær aðeins með stúlkunni í leikskólanum og funduðu svo með starfsfólki deildarinnar. Einnig kom Fanney, sjúkráþjálfari í heimsókn og gaf ráðleggingar. Teymisfundir voru haldnir 17. nóvember, 16. febrúar og 24. apríl þar sem hittust Dóra Heiða, Fanney, stuðningsaðili, deildarstjóri og leikskólastjóri auk foreldra og ræddu stöðu barnsins og framhald þjálfunar.

Lögð er áhersla á að koma til móts við þarfir starfsmanna hvað vinnutilhögun varðar, svo fremi að það komi ekki niður á starfseminni. Reynt er að nýta sem best reynslu og hæfileika hvers og eins.

Hafdís Guðlaug Skúladóttir og Bjarnfríður Hjartardóttir nemar á 3. ári í fjarnámi í leikskólafræðum við Háskólann á Akureyri, voru í verknámi hjá okkur í 4. vikur, frá 8. janúar til 2. febrúar. Hafdís var undir handleiðslu Sigríðar Helgadóttur á yngri deildinni, en Bjarnfríður hjá Sigríði Sveinsdóttur á eldri deildinni.

Nemi á þriðja ári í þroskaþjálfun, Andrea Björnsdóttir, var viðloðandi leikskólann í apríl undir handleiðslu Dóru Heiðu, og vann áætlun fyrir eitt barn.

Við tókum tvo nemendur í starfskynningu í maí. Vikuna 21.-25. maí var Silvía Vikarsdóttir, vistmaður í Háholti. Hún var svo í vinnu í leikskólanum fram að sumarfríi. Þriðjudaginn 22. maí var Elísabet Alfisdóttir, nemandi í 9. bekk Varmahlíðarskóla, í starfskynningu.

Enginn unglingur kom til okkar á vegum vinnuskólans í sumar sökum þess hve fáir sóttu um störf þar.

8. Önnur samskipti

Almennur foreldrafundur var þriðjudaginn 26. september. Linda Björnsdóttir og Sigríður H. Sveinsdóttir kynntu námsefnið í Stig af stigi, sem síðan var unnið með í tveimur elstu árgöngunum í vetur. Guðbjörg Sigfúsdóttir kynnti Tákn með tali, sem lagt hefur verið inn hjá öllum börnum leikskólans í vetur, u.þ.b. tvö tákn á

viku. Síðan voru almennar umræður um vetrarstarfið og starfsemi foreldrafélagsins.

Foreldrar voru boðaðir í einstaklingsviðtöl hjá deildarstjórum/leikskólakennurum á tímabilinu febrúar til apríl þar sem farið var yfir stöðu barnanna í leikskólanum og annað sem snerti veru þeirra hér.

Fulltrúar frá Varmahlíðarskóla og Birkilundi hittust 2. október til að bera saman bækur sínar og skipuleggja gagnkvæmar heimsóknir yfir veturinn. Þetta er gert einu sinni á ári til að stuðla að samfellu milli skólastiga og milda skólaskil. Í júní hittumst við aftur til þess að finna leiðir til þess að auka samstarfið. Varð niðurstaðan af því sú að stefna að því að koma á fleiri gagnkvæmum heimsóknum.

9. Símenntun

Skipulagsdagur að hausti var mánudaginn 28. ágúst. Var hann nýttur til að undirbúa vetrarstarfið.

Boðað var til haustþings í Varmahlíð fyrir starfsfólk leikskóla á norðurlandi vestra föstudaginn 22. september 2006. Fyrir hádegi var Þóra Rósa Geirsdóttir, sérkennsluráðgjafi, með fyrirlestur sem hún nefndi „Brúum bilið frá máli til lestrar.“ Eftir hádegið skiptust þátttakendur í 5 málstofur:

1. Ísey - föndurvörkynning, Sigurbjörg Ingólfssdóttir/Ásta Halldórsdóttir
2. Könnunarleikur - Hildur Skarphéðinsdóttir
3. Einingakubbar - Svava Björg Mörk
4. Myndræn stundaskrá - Guðbjörg Valgarðsdóttir
5. Stjórnandinn - Margrét Pála Ólafsdóttir

Dagana 5. og 6. október sat Guðbjörg Sigfúsdóttir ráðstefnu í Reykjavík um Downs-heilkenni

Sameiginlegur námskeiðsdagur leikskólanna í Skagafirði var 14. febrúar. Selma Barðdal fjallaði um þroska barna og samskipti. Einnig kynnti hún fyrir okkur „Ég get“ aðferðina.

Farið var í leikskólaheimsóknir í apríl. Sjö starfsmenn héldu til Þýskalands og skoðuðu 3 leikskóla þar. Þeir sem ekki komust í Þýskalandsferðina skoðuðu leikskólana á Sauðárkróki.

Sigríður Helgadóttir fór á námskeið á Akureyri 14. maí á vegum H.Í. um Smábarnalistann, sem er staðlaður þroskalisti fyrir börn á aldrinum 15 til 38 mánaða.

10. Tölvumál

Ein nettengd tölvu er á skrifstofu leikskólastjóra, en auk þess tvær eldri tölvur. Önnur þeirra er staðsett í Furulandi og hafa börnin fengið að nýta hana eitthvað. Hin er á kaffistofu starfsfólks þar sem hún er nýtt í undirbúningstímum leikskólakennara, þó það sé ókostur að hún er ekki nettengd. Einnig er hún notuð fyrir ljósmyndir og vinnslu á þeim.

11. Þróunarverkefni

Í byrjun júní settumst við niður með kennurum 1. og 2. bekkjar Varmahlíðarskóla, með það fyrir augum að móta hugmyndir um aukið samstarf milli skólanna. Úr varð að fjölga gagnkvæmum heimsóknum og samstarfi. Var sett saman greinargerð um þetta og sótt um fjármagn í sjóðinn: Sáttmáli til sóknar í skólamálu í Skagafirði, til að koma á móti auknum kostnaði vegna fundahalda og afleysinga vegna heimsókna. Einnig til að kosta námskeið varðandi efnið og hugsanlega tækjabúnað til að koma á fljótvirkari samskiptaleiðum. Fyrirhugað er að þetta verkefni fari af stað á næsta skólaári og verði endurmetið að tveim árum liðnum.

12. Mat á skólastarfi

Við notum ECERS-kvarða til að meta innra starf og búnað. Matið var framkvæmt í byrjun apríl og tóku allir starfsmenn á deildum þátt í því. Sjá *fylgiskjal 2*.

Niðurstöður eru svipaðar og síðast liðið vor, en þó fær innra starfið á eldri deildinni heldur hærra skor núna. Það var það sem

mest var horft á eftir síðasta mat. Svo eru hlutir eins og starfsmannaáðstaða sem fá mjög lágt skor og þyrfti að skoða hvernig bæta má úr því.

15. Framkvæmdir

Möl var sett meðfram húsinu að austanverðu í haust, en það var þá búið að vera ófrágengið frá því síðasta haust.

Hitalagnir í stétt voru tengdar í byrjun febrúar, en fjármagn hafði verið áætlað í það á árinu 2006. Illa gekk að fá lögnina til að virka alstaðar. Svo bilaði eitthvað í tengingunni inni og þá var tekið úr sambandi og hefur verið þannig síðan.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir 1,8 milljónum kr til jarðvegsskipta í lóðinni. Mikil frostlyfting hefur verið yfir veturinn og þegar hlánar eru stórir pollar hér og þar þar sem lautir hafa myndast og vatnið kemst ekki í niðurföllin eins og það ætti að fara. Auk þess eru göt/djúpar holur í lóðina hér og þar. Er stefnt að því að skipta um jarðveg í neðri hluta lóðarinnar í sumarlokuninni. Verður þá jafnframt sett niður ein róla í viðbót með sæti fyrir börn frá eins árs.

16. Gjafir

Kvenfélag Staðarhrepps, Kvenfélag Seyluhrepps og Kvenfélag Akrahrepps færðu okkur 50 þúsund kr hvert og Kvenfélag Lýtingsstaðahrepps 25 þúsund kr. Voru þessir peningar ætlaðir til rólukaupa, þar sem okkur vantaði rólur fyrir eins árs börn. Foreldrafélag Birkilunar gaf það sem uppá vantaði, eða 13.000 kr.

Kaupping gaf garðáhöld (til vinnu í matjurtagarði), kartöfluútsæði og grænmetisfræ.

Varmahlíð 3. júlí 2007

Steinunn Arnljótsdóttir